

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 98/2025

2025/EES/46/09

frá 8. maí 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/215 frá 30. janúar 2025 um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um miðlæga mótaðila í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31bcazn (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1684) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31bcazo. **32025 D 0215**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/215 frá 30. janúar 2025 um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um miðlæga mótaðila í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/215, 31.1.2025).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2025/215, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/215, 31.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/215/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.